

Ed. 197. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

(Eftir 2. unnr. í Ed.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., orðist svo:

Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal frjálst að taka af henni í ársvexti allt að 6 af hundraði. Nú áskilur Landsbanki Íslands sér hærri vexti af slíkum lánun, og er þá öðrum einnig heimilt að semja um hærri ársvexti en 6 af hundraði, þó ekki yfir 7 af hundraði. Aldrei má samt semja um hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.